

## Tillaga Náttúrustofu Austurlands um ágangssvæði og veiðikvóta 2007

Lagt fyrir fund Hreindýraráðs 21. nóvember 2006

Skarphéðinn G. Þórisson  
Rán Þórarinsdóttir



## *Útdráttur*

Áætlað er að vetrarstofn hreindýra á Austurlandi 2006 sé rúmlega 4000 dýr. veiðistofninn yrði því um 5000 dýr og miðar kvótatillaga 2007 að því að fækka í stofninum. Tillaga Náttúrustofu Austurlands um heildarveiðikvóta fyrir 2007 eru 1137 dýr. Það er aukning um 228 dýr frá fyrra ári. Eins og fyrr byggir tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta á rannsóknum og vöktun starfsmanna stofunnar svo og upplýsingum heimamanna, einkum þó leiðsögumönnum með hreindýraveiðum. Ekki var ráðist í síðvetrartalningu 2006. Hefðbundin júlitalning var á Snæfellsöræfum og einnig var leitað að hreindýrum á suðausturlandi úr flugvél. Samsetning hjarða var könnuð á fengitíma á svæðum 1 til 5 en stuðst við könnum frá 2005 fyrir svæði 6 til 9. Lögð er til óbreytt skilgreining á ágangssvæðum.

Lagt er til að skipting hreindýrahaga á Austurlandi í ágangssvæði árið 2007 haldist óbreytt frá 2006.

## *Ágangssvæði*

Náttúrustofa Austurlands telur engar forsendur til að breyta skiptingu ágangssvæða frá því sem var í fyrra. Þau eru eftirfarandi:

1. *Vopnafjörður*
2. *Jökuldalur* auk Sellands, Blöndugerðis, Bótar, Flúða, Hlíðar, Heiðarsel og Skóghlíðar. Án Valþjófsstaðar- og Skriðuklausturslands sem liggur innan gamla Jökuldalshrepps.
3. *Jökulsárhlíð* utan við Selland.
4. *Hróarstunga* utan við Flúðir, Bót, Hlíð, Skóghlíð, Heiðarsel og Blöndugerði.
5. *Fell*
6. *Fljotsdalur* auk lands Valþjófsstaðar og Skriðuklausturs sem liggur í landi gamla Jökuldalshrepps.
7. *Borgarfjörður og Víkur*
8. *Hjaltastaðapínghá*
9. *Eiðapínghá* og bæir inn að Eyvindará (Þuríðarstaðir, Dalhús, Miðhús, Steinholt og Eyvindará).
10. *Vellir* og jarðir innan Eyvindarár (Egilsstaðir, Kollsstaðagerði og Kollsstaðir).
11. *Skriðdalur*
12. *Seyðisfjörður og Mjóifjörður*
13. *Norðfjörður og Eskifjörður*
14. *Reyðarfjörður*
15. *Breiðdalur*
16. *Djúpivogur*
17. *Lón* (gamli Bæjarhreppur).
18. *Nes* (gamli Nesjahreppur).
19. *Mýrar og Suðursveit* (gamli Mýrar- og Borgarhafnarhreppur).



### *Nánar um vöktun, talningar og kvóta*

Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum er vetrarstofn hreindýra áætlaður um 4100 dýr. Munar þar mest um Snæfellskjörðina á svæði 2 sem er um 2100. Hefur hreindýrum fjölgað jafnt og þétt á svæði 2 og þrefaldast á síðustu tíu árum. Talið er að það sé að hluta vegna tilflutnings dýra af svæði 6. Sundurliðun á áætluðum vetrarstofni eftir veiðisvæðum er sýnt í fyrstu töflu.

Svæði	Kvóti 2007			Áætlaður vetrarstofn 2006	Vetrarstofn x nýliðun (1.25)	Nýliðun 2007	Breytingar á vetrarstofni 2007 miðað við 2006
	Kýr	Tarfar	Alls				
1	5	60	65	300	375	75	10
2	379	301	680	2100	2625	525	-155
3	30	5	35	180	225	45	10
4	18	14	32	180	225	45	13
5	55	45	100	400	500	100	0
6	0	30	30	100	125	25	-5
7	40	60	100	400	500	100	0
8	25	35	60	300	375	75	15
9	25	10	35	150	188	38	3
Kvóti	577	560	1137	4110	5138	1028	-110

1. tafla. Kvóti 2007, áætlaður vetrarstofn 2006 og 2007 og nýliðun.

Miðað við 25% nýliðun mun veiðistofn hreindýra verða um 5100 haustið 2007. Að gefnum þessum forsendum og til lögðum veiðikvóta mun vetrarstofn 2007 verða um 250 dýrum minni en nú ef skotnir verða álíka margir kálfar og á síðasta veiðitíma (133). Sú fækkun mun fyrst og fremst ná til Snæfellskjörðarinnar. Á öðrum svæðum gæti fjölgað örlítið eða fjöldi dýra haldist að mestu óbreyttur miðað við svipaða dánartíðni og undanfarin ár.

Í annarri töflu er samsetning stofnsins á fengitíma sýndur. Í ár var samsetningin könnuð á svæðum 1 til 5 en í fyrra náðist að skoða svæði 7 til 8.

2005	Kýr	Kálfar	V tarfar	2 tarfar	3+ tarfar	Samtals	2+ tarfar
Svæði 7	111	67	16	25	50	269	
%	41	25	6	9	19	100	28 %
Svæði 8	20	21	5	8	9	63	
%	32	33	8	13	14	100	27 %
Svæði 9	53	32	6	3	15	109	
%	49	29	5	3	14	100	17 %
Samtals	184	120	27	36	74	441	
%	42	27	6	8	17	100	25 %

V tarfar = veturgamlir tarfar      3+ = þriggja ára og eldri      2+ = tveggja ára og eldri

2006	Kýr	Kálfar	V tarfar	2 tarfar	3+ tarfar	Samtals	2+ tarfar
Svæði 1	90	63	21	17	35	226	
%	40	28	9	8	15	100	23 %
Svæði 2	754	487	128	86	101	1556	
%	48	31	8	6	7	100	13 %
Svæði 3	45	30	8	8	8	99	
%	45	30	8	8	8	100	16 %
Svæði 4	45	32	9	13	20	119	
%	37	27	8	11	17	100	28 %
Svæði 5	92	48	16	16	20	192	
%	48	25	8	8	11	100	19 %
Samtals	1026	660	182	140	184	2192	
%	47	30	8	6	9	100	15 %

2. tafla. Samsetning hreindýrastofnsins á fengitíma 2005 og 2006.

Árið 2005 náðist að skoða um helming áætlaðans fjölda á svæðum 7 til 9 en um tvo þriðju hluta dýra á svæðum 1 til 5 á fengitíma 2006. Samkvæmt samsetningu stofnsins á suðausturlandi voru tveggja ára og eldri tarfar um fjórðungur stofnsins en ekki nema 15% á svæðunum þar fyrir norðan og er því hlutfall tarfa í veiðinni minnkað.

Tillaga um veiðikvóta fyrir 2007 og skipting hans eftir veiði- og ágangssvæðum er sýnt í þriðju töflu. Þar er kvótatillagan einnig borin saman við kvótann 2006 og síðan dálkur er sýnir breytingu á kvóta á milli ára.

Í næsta kafla er nánari skoðun á einstökum veiðisvæðum þar sem gögn til grundvallar tillögu um veiðikvóta eru tíunduð.

Að endingu fylgja með sem viðaukar:

I: Sumartalning á Snæfellshjörðinni 2006

II: Sumartalning á suðausturlandi 2006

III: Samsetning hreindýrastofnsins á fengitíma á svæðum 2, 7, 8 og 9

IV: Samsetning hreindýrastofnsins á fengitíma á svæðum 1 til 5

3. tafla. Tillaga að kvóta fyrir veiðitímabilið 2007. Kvótanum er skipt eftir veiðisvæðum og ágangssvæðum.

Staðsetning	Kvóti 2006			Kvóti 2007			Breyting frá 2006		
	Kýr	Tarfar	Alls	Kýr	Tarfar	Alls	Kýr	Tarfar	Alls
Vopnafjörður (1)	2	14	16	2	18	20	0	4	4
Jökuldalur N og Selland (2)	2	22	24	2	26	28	0	4	4
Jökulsárhli utan Sellands (2)	1	14	15	1	16	17	0	2	2
<b>Svæði 1</b>	5	50	55	5	60	65	0	10	10
Jökuldalur A (2)	80	63	143	112	88	200	32	25	57
Hróarstunga (4)	22	18	40	31	25	56	9	7	16
Fell (5)	36	28	64	50	39	89	14	11	25
Fljótisdalur (6)	94	74	168	132	104	236	38	30	68
Vellir V (10)	11	9	20	14	12	26	3	3	6
Skriðdalur V (11)	8	7	15	10	9	19	2	2	4
Hjaltastaðapinghá (8)	14	11	25	17	13	30	3	2	5
Eiðapinghá (9)	11	9	20	13	11	24	2	2	4
<b>Svæði 2</b>	276	219	495	379	301	680	103	82	185
Borgarfjörður og Víkur (7)	20	24	44	30	5	40	10	-19	-9
<b>Svæði 3</b>	20	24	44	30	5	35	10	-19	-9
Vellir A (10)	3	0	3	3	0	3	0	0	0
Mjóifjörður (12)	4	0	4	5	8	13	1	8	9
Seyðisfjörður (12)	12	0	12	10	6	16	-2	6	4
<b>Svæði 4</b>	19	0	19	18	14	32	-1	14	13
Reyðarfjörður (14)	4	6	10	15	15	30	11	9	20
Eskifj og Norðfjörður (13)	26	44	70	40	30	70	14	-14	0
<b>Svæði 5</b>	30	50	80	55	45	100	25	-5	20
Skriðdalur A (11)	6	21	27	0	17	17	-6	-4	-10
Breiðdalur (15)	5	17	22	0	13	13	-5	-4	-9
<b>Svæði 6</b>	11	38	49	0	30	30	-11	-8	-19
Djúpivogur (16)	32	60	92	40	60	100	8	0	8
<b>Svæði 7</b>	32	60	92	40	60	100	8	0	8
Hornafjarðarbær (Lón) (17)	13	13	26	16	23	39	3	10	13
Hornafjarðarbær (Nes) (18)	7	7	14	9	12	21	2	5	7
<b>Svæði 8</b>	20	20	40	25	35	60	5	15	20
Hornafjbær (Mýrar) (19)	17	11	28	20	8	28	3	-3	0
Hornafjbær (Suðursv.) (19)	4	3	7	5	2	7	1	-1	0
<b>Svæði 9</b>	21	14	35	25	10	35	4	-4	0
Samtals kvóti	434	476	909	577	560	1137	143	84	228



## *Nánari skoðun einstakra veiðisvæða*

### **Svæði 1**

Talið var að um 200 dýr (mest tarfar) hafi verið í Vopnafjarðarheiði í byrjun veiðitíma 2005. Hluti þeirra hafi síðan farið suður fyrir Vopnafjarðarveg í árslok.

Í lok vetrar 2006 voru 126 hreindýr á Hofteigstúnum. Hreindýr á utanverðum Jökuldal að norðanverðu hanga oft lengi í byggð enda uppistaðan í hópunum oft tarfar. Þeir leita norður í heiði í júní og a.m.k. hluti þeirra er síðan kominn í Kringilsárrana í júnílok. Í sumartalningu 2006 voru 291 dýr í Kringilsárrana og þ.a. fjórðungur tarfar. Eins og sést á fyrstu mynd hefur fjöldi dýra í Kringilsárrana verið svipaður undanfarin fimm ár á meðan fjölgað hefur í Snæfellshjörðinni.

Grunur er um að eitthvað af dýrum gangi nú sumarlangt í og við Sandfell og jafnvel norðar. Í lok maí voru um 50 dýr við Háteig í Vopnafirði og óvíst að þau hafi leitað inn undir Vatnajökul. Orðrómur er um að hreindýrum hafi fjölgað á Vopnafjarðarheiðum og sjáist jafnvel einnig á heiðum Þistilfjarðar. Á seinni hluta veiðitímans 2006 var talið að tveir tarfahópar væru í Sandfelli, hvor um hundrað dýr. Rétt fyrir miðjan september voru enn tarfar (32) inn við Kringilsá. Í flugi 3. október fundust um 230 hreindýr norðan Jöklu. Niðurstöður benda til þess að dýrum hafi fjölgað norðan Jökuldals og dreifst víðar. Veiðikvótinn tekur mið af því að talið er æskilegt að dýrum fjölgi á þessum svæðum. Líklegt er að vetrarfjöldi dýra á svæði 1 verði um 300 dýr.

Kvóti á svæði 1 er hækkaður um 10 tarfa en þrátt fyrir það er reiknað með að dýrum fjölgi á svæðinu.

### **Svæði 2**


Í sumartalningu á Snæfellsöræfum á svæði 2 fundust 2643 hreindýr, flest á innanverðri Fljótsdalsheiði (sjá I. viðauka). Á fyrstu mynd sést að hreindýr á milli Jöklu og Hrauna hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu fjögur ár. Náttúruleg nýliðun fram yfir veiðar getur taplega skýrt þessa fjölgun nema að hluta. Líklegast verður því að teljast að að hluti fjölgunarinnar komi af svæði 6 og jafnvel eitthvað af 7. Þessi dýr skili sér síðan ekki til baka og fá dýr austan Snæfells á veiðitíma síðustu árin styður það.

Veidd voru um 640 dýr (með kálfum) 2006 á svæði 2 og eftir verða þá um 2000 dýr. Ljóst er að þau eru eitthvað fleiri þar sem einhverja fullorðna tarfa vantaði í júlitalninguna. Þó er ljóst að

margir þeirra sem á fengitíma ganga á Fljótisdalsheiði eru á sumrin í Kringilsárrana. Þegar tekið er tillit til tarfa sem fundust ekki er reiknað með að vetrarstofninn sé um 2100 dýr. Flest þessara dýra ganga á milli Jöklu og Jökulsár í Fljótisdal. Fá dýr gengu á Múla og á Hraunum 2006 eins og fyrr segir og voru það nær eingöngu tarfar.

Stórir hópar komu niður af Fellaheiði og heiðum upp af útdal Jökuldals strax upp úr miðjum október og er það óvenju snemmt. Í flugi 3. október fundust um 1600 hreindýr og voru þau flest á utanverði Fellaheiði og frá Merkisheiði út í Giljaheiði.

Lagt er til að kvóti fyrir svæði 2 verði 680 dýr sem er 185 dýra aukning frá fyrra ári. Ef gefnar forsendur halda (25% nýliðun) þá á vetrarstofn dýra 2007 að minnka um 150-250 dýr frá 2006 eftir því hversu margir kálfar verða skotnir. Kúaleyfum er fjölgað meir þar sem tveggja ára og eldri tarfar voru aðeins um 13% af heild á fengitíma.



1. mynd. Dreifing og fjöldi hreindýra á Snæfellsöræfum í júlíbyrjun 1990-2006 (Flugtalningar Veidistjóraembættisins (1990-1999) og Náttúrustofu Austurlands (2000-2006)).

### Svæði 3

Á fengitíma voru um 100 hreindýr í Breiðuvík. Í byrjun september var veitt úr um 70 dýra hjörð í Beinageitarfjalli en sá hópur fannst síðan ekki á fengitíma. Er talið að vetrarstofn hreindýra á svæði 3 sé um 180 dýr.

Lagt er til að draga aðeins úr veiði og fækka tarfaleyfum verulega. Um helmingur dýra á svæði 3 var skodaður á fengitíma og voru tveggja ára og eldri tarfar aðeins um 16%. Miðað við gefnar forsendur ætti vetrarstofn að stækka örlítið.

### Svæði 4

Í september var um 70 dýra hópur sem flakkaði á milli innri hluta Mjóafjarðar að norðan og Seyðisfjarðar. Í lok mánaðarins bættust 9 tarfar í hópinn og 24 voru á Skálanesheiði í byrjun október. Í sunnanverðum Mjóafirði voru á fengitíma 61 dýr svo vetrarstofn hreindýra á svæði 4 gæti verið um 180 dýr.

Lagt er til að kvótinn hækki verulega og þá fyrst og fremst fyrir tarfa þar sem tveggja ára og eldri tarfar eru um 28% af heild. Þrátt fyrir kvótaaukningu er reiknað með að vetrarstofn stækki nokkuð.

### **Svæði 5**

Reyðarfjarðarhjörðin hélt sig á Fagradalnum á útmánuðum en þar sáust um 100 dýr um miðjan febrúar. Í byrjun ágúst var hjörðin líklega innarlega og ofarlega í Fannardal. Í lok september voru um 120 dýr á Fagradal.

Talið var að í byrjun september hafi verið um 150 dýr upp af Breiðuvík og á sama tíma um 150-200 við Grænavatn í Sveif upp af Vöðlavík. Í flugi 5. október fundust um 180 dýr á svipuðum slóðum. Samkvæmt framansögðu gæti vetrarstofn hreindýra á svæði 5 verið um 400 dýr.

Lagt er til að kvótinn hækki til að stemma stigu við fjölgun dýra á svæðinu. Af gefnum forsendum er reiknað með að vetrarstofn standi hér í stað. Tveggja ára og eldri tarfar voru um 19% og hefur hlutur þeirra því minnkað í hjörðinni og tekur kvótinn tillit til þess.

### **Svæði 6**

Í lok febrúar voru um 160 dýr á Öxi. Lítið fannst af dýrum á þessu svæði á veiðitíma 2006 og líklegt að fyrrnefndur hópur hafi að mestu verið komin yfir á svæði 7 eða jafnvel 2. Um 80 dýr, mest tarfar, voru í Skrið- og Breiðdal á sauðburði. Í júníbyrjun voru um 30 kýr með kálfa í Sultarrana inn af Villingadal á svæði 2 og hugsanlegt að þau hafi gengið eitthvað á svæði 6. Á veiðitíma voru um 60 dýr á Flatarheiði (mest tarfar) og sáust líklega seinna við Sauðárvatn á Hraunum. Um 80 dýra hópur, mest fullorðnir tarfar en einhverjar kýr og kálfar fóru út fyrir ofan Borg í Skriðdal í byrjun nóvember. Líklegt að þessi dýr gangi að hluta á svæði 6 í vetur. Áætlað er að vetrarstofn hreindýra á svæði 6 verði um 100 dýr.

Lagt er til að veiða eingöngu tarfa á svæðinu og lækkar því kvótinn frá fyrra ári.

### **Svæði 7**

Hreindýrum hefur líklega fjölgað á svæðinu og hafa síðustu ár gengið mest sunnan Hamarsdal. Í árslok 2005 fundust 117 dýr í tveimur hópum á Múladal, 78 dýr við Flatir, 5 tarfar við Ytri Þakeyrtanga og ein kýr með tvo kálfa var á Krossanesi.

Í ársbyrjun 2006 voru 16 dýr innan við Markúsarsel og á Hofsdal voru um 140 dýr. Á sama tíma voru 20-30 við Bragðavelli og svipaður fjöldi á Fossárdal. Til samans gerir þetta rúmlega 400 dýr. Þann 8. júlí var flogið yfir svæði 7 og fundust þá 114 dýr. Á sama tíma voru Víðidalsdýrin 135 en líklegt er að þau gangi á svæði 7 á vetrum. Um miðjan september var talið að þau væru a.m.k. 400 á svæðinu og líklegt að vetrarstofninn verði nálægt þeirri tölu.

Lagt er til að auka kvóta örlítið en halda tarfakvóta enn háum þar sem hlutfall tveggja ára og eldri tarfa var 28% á fengitíma 2005. Af gefnum forsendum yrði vetrarstofn sá sami 2007 og 2006 eða um 400 dýr.

### **Svæði 8**

Í flugi 8. júlí fundust 495 hreindýr á svæði 8. Ef reiknað er með að Víðidalsdýrin gangi á vetrum á svæði 7 og 50 dýr verið skotin ætti vetrarstofn á svæði 8 að vera rúmlega 300 dýr. Um mánaðarmótin október-nóvember var vitað um 140 hreindýr í Nesjum og um 150 í Lóni.

Lagt er til að kvótinn hækki nokkuð en þrátt fyrir það að gefnum forsendum þá mun vetrarstofninn stækka aðeins á milli ára.

### **Svæði 9**

Í febrúar voru um 30 tarfar í Suðursveit og talið að hreindýrin hafi verið um 40 þar sumarlangt. Í ágústlok sáust rúmlega 70 dýr í Heinabergsfjöllum. Seinni partinn í september birtust um 100 dýr á Mýrum. Talið var að 30-40 dýr væru til viðbótar í Mýrahjörðinni og á sama tíma væru um 10 í Suðursveit. Vetrarstofn hreindýra er því metinn um 150 dýr á svæði 9.

Lagt er til að kvótinn verði sá sami en dregið þó aðeins úr tarfaveiðinni.



## Sumartalning á Snæfellshjörðinni 2006

Rán Þórarinsdóttir

Sumartalningin 2006 var gerð úr flugi 6. júlí. Flogið var yfir Snæfellsöræfi (Vesturöræfi, Eyjabakkar, Múli og Hraun), og Fljótsdalsheiði út að Sandvatni. Dýrin fundust öll sunnan við Fremra Eyvindarfjall og var svæðið þar fyrir norðan tekið nokkuð lauslega og Rananum sleppt þar sem skúraský hengu þar yfir. Norðan Jöklu var Kringilsárrani skoðaður og svæðið þar norður af sunnan Hvannstóðsfjalla. Flugmaður var Sveinn Ingimarsson sem jafnframt sá um talningar ásamt Rán Þórarinsdóttur.

Dýrin voru langflest utan öræfanna eins og verið hefur síðustu ár og munaði mestu um tvo hópa suðaustan við Fremra Eyvindarfjall sem í voru rúmlega sextánhundruð dýr samanlagt. Engin dýr sáust á Hraunum og Múla en allt í allt fundust aðeins 46 dýr á Snæfellsöræfum austan Snæfells og héldu þau til á Þóriseyjum. Tæp þrjúhundruð dýr fundust í Kringilsárrana þetta árið og 471 á Vesturöræfum og er það nokkru meira en í fyrra.

Samtals sáust um 2037 fullorðin dýr ásamt vetrungum og 894 kálfar. Frá 2002 virðist dýrunum hafa fjölgað nokkuð milli ára og eru þessar tölur í samræmi við það. Kálfahlutfallið af heildartölunni er eins og í fyrra eða 30% af stofninum og er það nokkuð lægra heldur en á árunum 2002-2004 þegar það var um 32-34%. Þó telst þetta hlutfall nokkuð hátt.



1. mynd. Stór hópur suðaustan við Fremra Eyvindarfjall.

Kýr voru lítið gengnar úr hárum og allar vel ljósar en sumir tarfar voru orðnir nokkuð dökkir. Skyggni var gott og auðvelt að koma auga á dýrin. Talning heppnaðist vel og líklegt verður að teljast að nær allar kýr og kálfar hafi fundist á þessu svæði en tarfarnir eru dreifðari og koma ekki fram í sumartalningum nema að hluta.

Tafla 1. Niðurstöður flugtalningar sem gerð var á Snæfellsöræfum og Fljótsdalsheiði 6. júlí 2006.

#### Vesturöræfi

Staðsetning	Kýr	Kálfar	Tarfar	Samtals
Ljósalykkjuflói	0	0	3	3
Sauðaflóí	83	41	3	127
Sauðaflóí	200	141	0	341
<b>Samtals</b>	<b>283</b>	<b>182</b>	<b>6</b>	<b>471</b>

#### Kringilsárrani

Staðsetning	Kýr	Kálfar	Tarfar	Samtals
Innan við Hrauka	61	28	27	116
Innan við Hrauka	0	0	23	23
Innan við Hrauka	5	0	26	31
Innan við Hrauka	54	29	0	83
Innan við Hrauka	0	0	38	38
	<b>120</b>	<b>57</b>	<b>114</b>	<b>291</b>

#### Fljótsdalsheiði

Staðsetning	Kýr	Kálfar	Tarfar	Samtals
Suðaustan við Gilsársvötn	0	0	158	158
Suðaustan við Fremra Eyvindarfjall	69	22	0	91
Suðaustan við Fremra Eyvindarfjall	97	27	0	124
Suðaustan við Fremra Eyvindarfjall	0	0	10	10
Suðaustan við Fremra Eyvindarfjall	571	288	0	859
Suðaustan við Fremra Eyvindarfjall	3	0	10	13
Suðaustan við Fremra Eyvindarfjall	506	307	3	816
Austan við Þrælaháls	0	0	16	16
Sunnan við Þrælaháls	33	6	0	39
<b>Samtals</b>	<b>1279</b>	<b>650</b>	<b>197</b>	<b>2126</b>

## Undir Fellum og á Múla

Staðsetning	Kýr	Kálfar	Tarfar	Samtals
Þóriseyjar	21	5	0	26
Þóriseyjar	0	0	6	6
Þóriseyjar	14	0	0	14
<b>Samtals</b>	<b>35</b>	<b>5</b>	<b>6</b>	<b>46</b>

<b>Samtals af öllum svæðum</b>	<b>1717♀</b>	<b>894c</b>	<b>323♂</b>	<b>2934</b>
<b>Hlutföll af heildarstofni</b>	<b>59%</b>	<b>30%</b>	<b>11%</b>	

## Sumartalning á suðausturlandi 2006

Rán Þórarinsdóttir

Flogið var yfir syðsta hluta svæðis 7 auk svæðis 8 og 9 í leit að hreindýrum dagana 13., 17. og 18. júlí 2006. Flugskeyrði létu bíða eftir sér nú eins og stundum áður með ríkjandi sunnanáttum í júní og fyrrihluta júlí og var talningu því ekki lokið fyrr en í þriðju atrennu.

Veður var bjart og loftið tært alla dagana sem talið var, heiðskýrt fyrstu tvo dagana (13. og 17. júlí) en háskýjað seinasta daginn. Ókyrrð setti strik í reikninginn í fyrstu tveimur talningartilraununum en í heildina var talningarsvæðið vel dekkjað. Um talningar sáu Rán Þórarinsdóttir og Sveinn Ingimarsson sem einnig flaug vélinni.

Vitað er að dreifing hreindýra breytist töluvert eftir árstímum og því getur verið erfitt að ákveða kvóta fyrir ákveðin svæði út frá vetrardreifingu eingöngu. veiðisvæði 8 og 9 hafa reynst erfið varðandi veiðar m.a. vegna legu landsins og hefur því á seinustu árum verið reynt að bregðast við þessu með því að fjölga talningum á þessu svæði.

Sjötta júlí 2004 var farið í flugtalningu á svæði 8 sem tókst mjög vel og fundust þá 573 (246 í Nesjum og 327 dýr á Lónsöræfum) dýr á svæði 8 og var ekki reiknað með fleiri dýrum á þessu svæði. Ekki var talið á svæði níu það árið nema á Sandmerkisheiði þar sem fundust 21 dýr.

Árið eftir eða sumarið 2005 var ákveðið að bæta svæði 9 inn í talninguna. Ekki viðraði til flugs fyrr en 21. júlí og fundust þá mjög fá dýr á svæði 8 eða 94. Á svæði 9 fundust 68 fullorðin dýr og 34 kálfar auk þess sem vitað var um 24 tarfa á þessu svæði.

Í lok júlí eru dýrin komin í sumarfeld sem er dökkur og falla dýrin þá vel inn í umhverfið og því mun erfiðara að koma auga á þau heldur en snemmsumars meðan þau eru næstum hvít á litinn. Útskýrir það eflaust að hluta hve fá dýr fundust í talningunni 2005. Einnig er möguleiki að einhver hluti dýranna sem teljast í Lóni á veturna hafi verið komin á norðurhluta Lónsheiðar sem tilheyrir svæði 7 en það svæði var ekki talið.

Í ár var ákveðið að stækka talningarsvæðið til norðurs og bæta við hluta svæðis 7 sem nemur restinni af Lónsheiðinni og fjöllum sunnan Starmýrardals.

Á svæði 7 fundust 76 fullorðin dýr (þ.a. 12 tarfar) og 38 kálfar. Alls gerir þetta 114 dýr sem er verulegur fjöldi á svo afmörkuðu svæði.

Á svæði 8 fundust 348 fullorðin dýr (þ.a. 33 tarfar) og 147 kálfar. Þetta gerir samtals 495 dýr á svæði 8. Það er nokkru færra en það sem fannst 2004 en þá var ekki heldur leitað inn á Lónsheiði. Ef tekin eru með dýrin sem fundust norðanmegin í Lónsheiðinni og í fjöllum sunnan Starmýrardals þá eru þetta nokkuð trúverðugt lágmark fyrir þetta svæði (tarfar alltaf vantaldir á þessum tíma).

Á svæði 9 fundust 43 fullorðin dýr (8 tarfar) og 18 kálfar. Þetta gerir alls 61 dýr á svæði 9. Í sumartalningu 2005 voru þau 102 og í hausttalningu 2005 var vitað um 120 dýr á þessu svæði því vantar allavega um helming dýranna af þessu svæði inn í talninguna. Hugsanlega hefðu geta leynst hópar innst í Heinabergsfjöllum þar sem ekki var flogið yfir og fréttist síðar af rúmlega 70 dýrum.

Í heild fundust á talningarsvæðinu 669 dýr. Erfitt er að segja nokkuð um niðurstöður þessarar talningar þar sem mjög fáar talningar hafa verið framkvæmdar á þennan hátt og því lítið um samanburðargögn. Svo virðist vera sem að töluverður hluti dýra á þessum svæðum skili sér ekki inn í vetrartalningar. En í vetrartalningum töldust flest dýr 1993 eða 403 hreinar.

Talningin 2004 er í þokkalegu samræmi við talninguna núna en náði þá yfir minna svæði og gefa þessar tvær talningar einar sér ekki nægjanlega skýra mynd af raunverulegum fjölda eða dreifingu eftir árstíðum. Líta verður á niðurstöður beggja þessara talninga sem lágmarkstölur en vera má að þær séu nokkuð nálægt heildartölu á þessum svæðum

Ef fjöldi fullorðinna dýra á svæði 9 er ekki mikið meiri en 43 dýr á veiðitíma, (sem er ólíklegt en ekki útilokað) þá mun verða meira en 60-80% fækkun á fullorðnum dýrum á þessu svæði ef veiðist upp í kvótann (21 kýr og 14 tarfar).

Settur kvóti á svæði 9 er hár ef gert er ráð fyrir að fjöldi dýra sé ekki meiri en 150 dýr og miðar að því að fækka dýrum á þessu svæði. Er það gert til að lágmarka hættu á að hreindýr fari yfir sauðfjárveikivarnarlínu sem liggur um Jökulsá á Breiðamerkursandi.

Nauðsynlega þyrfti að auka rannsóknir á þessu svæði til að hægt sé að fækka óvissuþáttum varðandi dreifingu og raunverulegan fjölda dýra.

Tafla 1. Niðurstöður talninga á hluta svæðis 7 auk svæðis 8 og 9 í júlí 2006.

Kortapunktur	Staðsetning	kýr	kálfur	tarfur	Samtals
<b>Svæði 7</b>					
28	Bótargil N í Starmýrardal	4	3	0	7
29	innan Bótargils í Starmýrardal	3	3	0	6
31	Svartagil S í Starmýrardal	0	0	4	4
32	Flötufjöll S í Starmýrardal	18	10	0	28
32	Flötufjöll S í Starmýrardal	21	14	7	42
	Hvaldalsvarp	0	0	1	1

	Ljósárdalsvarp	3	0	0	3
33	Rjúpnadalur/Miðfell	15	8	0	23
	<b>Samtals</b>	<b>64</b>	<b>38</b>	<b>12</b>	<b>114</b>

#### Svæði 8

17	Vestan v/Hnútuvatn	95	40	0	135
18	Hrossamýrar	7	5	0	12
19	Hrossamýrar	1	1	0	2
20	Hrossamýrar	41	21	0	62
21	Vatnssteinafellstindur	42	31	0	73
22	Ósdalur	3	2	0	5
23	Grjóthólasker	30	10	0	40
24	Grjóthólasker	21	2	2	25
25	Giljadalsbrúnir	12	5	1	18
26	Fagradalshjalli	23	12	2	37
27	Skarðstindur	7	2	0	9
34	Hvítamelsbotnar	0	0	5	5
35	V í Skálatindi í Nesjum	0	0	3	3
36	Grjótárdalsbrúnir í Nesjum	0	0	7	7
x	Grjótárdalsbrúnir	0	0	1	1
37	V í Marktindi í Nesjum	5	0	0	5
38	Selbotn A í Hoffelsdal	1	0	3	4
40	Vatnssker A Hoffellsdals	14	8	0	22
41	Langihjalli N við Lambatungnajökul	13	8	0	21
	V í Efstafelli A Hoffelsjökuls	0	0	3	3
42	V í Efstafelli A Hoffelsjökuls	0	0	6	6
	<b>Samtals</b>	<b>315</b>	<b>147</b>	<b>33</b>	<b>495</b>

#### Svæði 9

43	Utarlega í Jökulfelli V Hoffelsjökuls	4	1	0	5
44	Innar í Jökulfelli A megin	5	4	1	10
45	Utarlega í Jökulfelli V megin	7	3	1	11
46	Vestan í Fláafjalli	3	3	0	6
47	Utarlega í Geitakinn	7	7	0	14
48	Innan við Fremstafjall á Borgarhafnarfjalli	0	0	6	6
49	A í Hálsatindi í Staðardal	9	0	0	9
	<b>Samtals</b>	<b>35</b>	<b>18</b>	<b>8</b>	<b>61</b>
	<b>Samtals á öllu talningarsvæðinu</b>	<b>350</b>	<b>165</b>	<b>41</b>	<b>556</b>

Ef horft er á kynjasamsetningu í hjörðum milli svæða má sjá að hún er nokkuð svipuð þó hlutfallslega fæstir tarfar hafi verið á svæði 8. Hlutfall kálfa af heildarfjölda dýra er svipað milli

svæða en ef skóðaður eru fjöldi kálfa sem fylgja hverri kú sker svæði 7 sig úr með langhæsta kálfahlutfallið. Ástæða þess gæti verið færri ungdýr og þá um leið færri geldar kýr eða veturgamlir tarfar sem greinast erfiðlega frá kúm á ljósmyndum teknum úr lofti. Er það líklegri skýring en sú að ófrjósemi sé mismikil á þessum svæðum. Hér vantar þó fleiri gögn til að skýra þennan mun með óyggjandi hætti.

Tafla 2. Hlutfall kynja og kálfa af heildarfjölda dýra á hverju veiðisvæði. Einnig hlutfall kálfa á kú.

Svæði	Hlutfall af heild			Kálfar á kú
	Kýr	Kálfar	Tarfar	
7	0.56	0.33	0.11	0.59
8	0.64	0.30	0.07	0.35
9	0.57	0.30	0.13	0.37



1. mynd. Horft út Kálfafellsdal.

## Samsetning hreindýrahópa á fengitíma 2005 á svæðum 2,7,8 og 9

Svæði	Staðsetning	kýr	kálfur	1v	2v	3v+	ógreint	Samt.
2	Múli Austurhlíðar ,efst	7	5	0	0	0	0	12
2	Múli Austurhlíðar	0	0	0	0	7	56	63
2	Múli Austurhlíðar	0	0	0	0	1	5	6
2	Múli Austurhlíðar	10	5	0	0	5	14	33
2	Múli Austurhlíðar niðri við girðingu	2	1	1	0	1	1	6
2	Múli Austurhlíðar	0	0	0	0	0	5	5
2	Múli Austurhlíðar	6	4	1	1	1	1	14
2	Kiðufell séð af Flatarheiði	0	0	0	0	0	28	28
	<b>Svæði 2</b>	<b>25</b>	<b>15</b>	<b>2</b>	<b>1</b>	<b>15</b>	<b>110</b>	<b>167</b>
7	Hamarsdalur Veturhúsadalur						60	60
7	Hamarsdalur Bót	1	1	0	0	1	0	3
7	Stakir tarfa dreifðir upp af Hamarsdal	0	0	0	5	5	0	10
7	Brattháls Lönguhlið	0	0	0	0	0	60	60
7	Hamarsdalur Veturhús	0	0	0	0	7	23	30
7	Undir Hvannavallahjalla	7	4	3	2	2	1	19
7	Undir Hvannavallahjalla	9	4	2	3	4	0	22
7	Undir Hvannavallahjalla	1	2	0	0	1	0	4
7	Hvannavellir	10	12	0	1	2	0	25
7	Vestan Hvannavalla. Fyrir austan á	35	20	8	9	9	9	90
7	Vestan við slóðina á Hvannavallahjalla	10	4	0	0	3	12	29
7	Vestan við slóðina á Hvannavallahjalla	0	0	0	0	0	15	15
7	Starmýrardalur	0	2	0	0	3	5	10
7	Starmýrardalur	0	0	0	0	2	0	2
7	Starmýrardalur	0	0	0	0	2	0	2
7	Lónsheiði vestan við Hvaldalsvarp	25	12	3	5	6	0	51
7	Lónsheiði 1 km S Rjúpnadalsár	1	0	0	0	1	0	2
7	Lónsheiði NV við Snjótind.	11	5	0	0	2	0	18
7	Lónsheiði Skerpugil (alveg efst).	0	0	0	0	0	15	15
7	Starmýradal	0	0	0	0	0	50	50
7	Þakeyri rétt utan við Djúpavog.	1	1	0	0	0	0	2
	<b>Svæði 7</b>	<b>111</b>	<b>67</b>	<b>16</b>	<b>25</b>	<b>50</b>	<b>250</b>	<b>519</b>
8	Kjarrdalsheiði-Tæpitungur	2	1	0	0	0	0	2
8	Kjarrdalsheiði-Hellisskógar	10	12	1	2	1	2	28
8	Norðurlambatungur niður við á.	0	0	0	0	4	33	37
8	Laxárdalur í Nesjum.(Yst í Fossdal)	5	6	3	3	3	0	20
8	Laxárdalur í Nesjum.(Innaf Fálkagili)	1	0	0	1	0	0	2
8	Hoffellsdalur	2	2	1	2	1	0	8
8	Skyndidalur Skyndidalsmúli	0	0	0	0	0	32	32
8	Skyndidalur vestan ár	0	0	0	0	0	40	40
8	Skyndidalur vestan ár	0	0	0	0	0	45	45
	<b>Svæði 8</b>	<b>20</b>	<b>21</b>	<b>5</b>	<b>8</b>	<b>9</b>	<b>152</b>	<b>214</b>
9	Kálfafellsdal (Dalbotn)	8	4			4	0	16
9	Flatey (vestast í girðingunni)	7	18	0	0	3	0	28
9	Flatey (vestast í girðingunni)	35	8	3	2	7	2	57
9	Heinabergsaurar	0	0	1	0	0	0	1
9	Heinabergsdalur	3	2	2	1	1	3	12
	<b>Svæði 9</b>	<b>53</b>	<b>32</b>	<b>6</b>	<b>3</b>	<b>15</b>	<b>5</b>	<b>114</b>
	<b>Öll svæði</b>	<b>208</b>	<b>134</b>	<b>29</b>	<b>32</b>	<b>76</b>	<b>359</b>	<b>1016</b>



## Samsetning hreindýrahópa á fengitíma 2006 á svæðum 1 til 5

Svæði	Staður	Kýr	Kálfar	V tarfar	2 tarfar	3+ tarfar	Samtals
1	Jökuldals- og Tunguheiði	26	24	13	9	16	88
1	Jökuldals- og Tunguheiði					1	1
1	Jökuldals- og Tunguheiði	2		1	1	2	6
1	Jökuldals- og Tunguheiði	34	21	4	3	9	71
1	Jökuldals- og Tunguheiði	28	18	3	4	7	60
<b>samtals</b>		<b>90</b>	<b>63</b>	<b>21</b>	<b>17</b>	<b>35</b>	<b>226</b>
<b>%</b>		<b>40</b>	<b>28</b>	<b>9</b>	<b>8</b>	<b>15</b>	
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	15	11		1	1	28
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	19	14	4	3	3	43
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	1	1			1	3
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	23	21	3	1	1	49
2	Fjótisdals- og Fellaheiði					1	1
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	1	3	1			5
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	1	1		2		4
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	23	15	4	3	3	48
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	2	1	1	1		5
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	1	1		1		3
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	15	9	2	3	2	31
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	43	31	8	7	8	97
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	11	6	4	3	2	26
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	9	5	2	1	2	19
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	3	2		1		6
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	16	9	3		1	29
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	13	6	3	2	2	26
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	29	15	6	2	2	54
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	9	7	3	2	3	24
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	6	5		1	1	13
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	10	6	4	1	2	23
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	69	40	7	3	3	122
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	18	8	2	2	2	32
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	4	4	2	2	3	15
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	16	6	4	4	2	32
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	11	9	3	3	2	28
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	23	21	2	2	1	49
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	1	3	1			5
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	1	1		1		3
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	6	3			1	10
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	8	6			1	15
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	2	3	1			6
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	38	21	5	2	6	72
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	22	12	4	2	2	42
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	20	8	4	3	7	42
2	Fjótisdals- og Fellaheiði	4	3			1	8

2	Fjótsdals- og Fellaheiði	69	35	12	3	4	123
2	Fjótsdals- og Fellaheiði	14	11	1	1	1	28
2	Fjótsdals- og Fellaheiði	6	6	1			13
2	Fjótsdals- og Fellaheiði	12	10	3	2	2	29
2	Fjótsdals- og Fellaheiði	13	10	2	3	2	30
2	Fjótsdals- og Fellaheiði	17	7	7	1	4	36
2	Fjótsdals- og Fellaheiði	27	20	3	2	5	57
2	Fjótsdals- og Fellaheiði	14	11	2	4	8	39
2	Fjótsdals- og Fellaheiði	12	10			1	23
2	Fjótsdals- og Fellaheiði	5	6			1	12
2	Fjótsdals- og Fellaheiði	32	15	9	6	5	67
2	Fjótsdals- og Fellaheiði	22	15	3	1	1	42
2	Fjótsdals- og Fellaheiði	18	14	2	4	1	39
<b> samtals</b>		<b>754</b>	<b>487</b>	<b>128</b>	<b>86</b>	<b>101</b>	<b>1556</b>
<b> %</b>		<b>48</b>	<b>31</b>	<b>8</b>	<b>6</b>	<b>7</b>	
3	Borgarfjörður	18	14	2	3	4	41
3	Borgarfjörður	27	16	6	4	3	56
3	Borgarfjörður				1	1	2
<b> samtals</b>		<b>45</b>	<b>30</b>	<b>8</b>	<b>8</b>	<b>8</b>	<b>99</b>
<b> %</b>		<b>45</b>	<b>30</b>	<b>8</b>	<b>8</b>	<b>8</b>	
4	Undir Snjótindi Hánefsst.d.				1		1
4	Undir Snjótindi Hánefsst.d.	1	1			1	3
4	Innan við Snjótind					1	1
4	Hánefsstaðardalsbotn	15	15	2	3	4	39
4	Hánefsstaðardalsbotn					1	1
4	Sórlastaðardalur		1				1
4	Rétt undir skarði í				2		2
4	Asknesbotn			1	1		2
4	Asknesbotn					2	2
4	Vestan í Asknesdal	18	8	4	5	8	43
4	Skálanesheiði	11	7	2	1	3	24
<b> samtals</b>		<b>45</b>	<b>32</b>	<b>9</b>	<b>13</b>	<b>20</b>	<b>119</b>
<b> %</b>		<b>37</b>	<b>27</b>	<b>8</b>	<b>11</b>	<b>17</b>	
5	Við Grænavatn	3	3	1	1	1	9
5	Skammidalur					1	1
5	Ýmadalur í Vöðlavík					1	1
5	Súlnadalur í Viðfirði				2		2
5	Víkurheiði				1		1
5	Víkurheiði	7	4	1	1	1	14
5	V undir Vindhálstindi	34	17	2	1	4	58
5	Í Sveif	1				1	2
5	Hellisfjörður	4	1		1		6
5	NA undir Lakahnaus	15	10	3	1	3	32
5	Oddsdalur, Tröllabotnar	28	13	9	8	8	66
<b> samtals</b>		<b>92</b>	<b>48</b>	<b>16</b>	<b>16</b>	<b>20</b>	<b>192</b>
<b> %</b>		<b>48</b>	<b>25</b>	<b>8</b>	<b>8</b>	<b>11</b>	
<b> Alls</b>	<b> Svæði 1 - 5</b>	<b>1026</b>	<b>660</b>	<b>182</b>	<b>140</b>	<b>184</b>	<b>2192</b>
<b> %</b>	<b> Svæði 1 - 5</b>	<b>47</b>	<b>30</b>	<b>8</b>	<b>6</b>	<b>9</b>	



## NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 • 740 Neskaupstaður • Sími 477-1774 • Fax 477-1923 • Netfang: [na@na.is](mailto:na@na.is)  
Tjarnarbraut 39B • 700 Egilsstaðir • Sími: 471-2813 og 471-2774 • Netfang: [ran@na.is](mailto:ran@na.is)